

# Kaffid.is

## Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði

### 1. Eigendur og sérhagsmunir

Ákvarðanir Ritstjóra eru ekki háðar hagsmunum eigenda. Starfsmenn á ritstjórn hafa fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði, enda starfi þeir í umboði ritstjóra. Með ritstjórnarlegu sjálfstæði felst að þeir þurfa ekki að taka tillit til skoðana eða hagsmuna eigenda eða viðskiptahagsmuna Kaffid.is, ef viðurkenndar siðareglur eða sannfæring segir þeim að ekki sé rétt að gera slíkt. Starfsmanni á ritstjórn verður ekki gert að vinna verkefni sem stangast á við sannfæringu, samvisku eða teljast niðurlægjandi. Starfsmaður á ritstjórn tekur aðeins við verkefnum frá ritstjóra, eða umboðsmanni hans. Eigendur Kaffid.is skulu ekki hafa afskipti af efnistöfum starfsfólks eða ræða þau beint við viðkomandi starfsmann. Slík mál skulu ávallt tekin upp við ritstjóra.

### 2. Ritstjórnarstefna

Ritstjórnarlegt sjálfstæði miðast við ritstjórnarstefnu Kaffid.is. Séu verkefni innan ramma skilgreindrar og yfirlýstrar ritstjórnarstefnu, ber starfsfólki að sinna þeim og ekki vinna gegn þeim. Ritstjóri er ábyrgur fyrir túlkun og framkvæmd ritstjórnarstefnu Kaffid.is. Ritstjórnarstefna miðilsins skal vera sjálfstæð á þann hátt að hún er laus við áhrif frá hagsmunaöflum, stjórn málaöflum eða öðrum öflum sem gæti grafið undan ritstjórnarlegu sjálfstæði. Fréttamenn skulu forðast að fjalla um mál sem þeir eru tengdir á einhvern hátt, pólitískt, persónulega eða fjárhagslega, þannig að um hagsmunaárekstra eða meinta hagsmunaárekstra gæti verið að ræða.

### 3. Starfsskilyrði ritstjórnar

Leitast er við að starfsskilyrði séu eins góð og unnt er og starfsfólk fái tíma til að setja sig inn í mál. Sé umfjöllun eða nálgun starfsmanns breytt í veigamiklum atriðum á viðkomandi starfsmaður rétt á skýringum ritstjóra á breytingunum. Ritstjórnir skulu bera virðingu fyrir þeim landslögum sem umfjöllunarefni eða nálgun þess getur átt við, til að mynda reglum um friðhelgi einkalífs og reglum um meiðyrði.

### 4. Skilyrði uppsagnar

Áminningar og uppsagnir fara samkvæmt lögum og reglum sem gilda þar um.